# Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

## 1. janúar til 30. september 2017

Síminn hf.
Ármúla 25
108 Reykjavík
Kt. 460207-0880

# Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra........ 2

Rekstrarreikningur........ 3

Yfirlit um heildarafkomu........ 4

Efnahagsreikningur........ 5

Eiginfjáryfirlit........ 6

Sjóðstreymisyfirlit........ 7

Skýringar........ 8 - 13

Ársfjórðungsyfirlit........ 14

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Heildartekjur samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september voru 20.933 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 21.627 m.kr. á sama tímabili árið 2016. Hagnaður var af rekstri samstæðunnar sem nam 2.469 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 2.154 m.kr. á sama tímabili 2016. Eignir samstæðunnar námu 60.787 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 35.988 m.kr. og var eiginfjárhlutfallið 59,2%. Félagið greiddi arð á tímabilinu að fjárhæð 275 m.kr. til hluthafa sinna. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé samstæðunnar.

Á aðalfundi Símans hf. þann 16. mars 2017 var samþykkt tillaga stjórnar félagsins um að lækka hlutafé félagsins til jöfnunar á eigin hlutum. Lækkunin nam 206 m.kr. að nafnverði. Í samræmi við endurkaupaáætlun félagsins sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 16. mars 2017 voru keypt eigin bréf að nafnvirði 209 m.kr. fyrir 848 m.kr. að markaðsvirði. Heimild er fyrir endurkaupum að fjárhæð 1.102 m.kr. til 16. mars 2018.

Félagið nýtti heimild í skilmálum útgáfulýsingar skuldabréfaflokks SKIPTI 13 01 og greiddi hann upp að fullu þann 5. júlí síðastliðinn. Óverðtryggðar skuldir félagsins voru einnig endurfjármagnaðar á sama tíma. Jafnframt voru um 3 milljarðar af handbæru fé félagsins nýttir til lækkunar skulda. Ný fjármögnun félagsins samanstendur af óverðtryggðu bankaláni með breytilegum vöxtum að fjárhæð 18,2 milljarðar og að auki hefur félagið aðgang að lánalínum upp á 2 milljarða.

Samruni Símans hf. og On-Waves ehf. var staðfestur á þriðja ársfjórðungi og miðast hann við 1. janúar 2017.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2017, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 30. september 2017 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2017. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Símans hf. hafa í dag fjallað um samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2017 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. október 2017

**Stjórn**

Sigríður Hrólfsdóttir, formaður

Bertrand B. Kan, varaformaður

Birgir S. Bjarnason

Heiðrún Jónsdóttir

Stefán Árni Auðólfsson

**Forstjóri**

Orri Hauksson

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. september 2017

| | Skýr. | 2017<br>1.7.-30.9. | 2016<br>1.7.-30.9. | 2017<br>1.1.-30.9. | 2016<br>1.1.-30.9. |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 6 | 6.856 | 7.129 | 20.603 | 21.264 |
| Kostnaðarverð sölu | 7 | ( 3.380) | ( 3.467) | ( 10.313) | ( 11.085) |
| **Framlegð** | | 3.476 | 3.662 | 10.290 | 10.179 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 100 | 141 | 330 | 363 |
| Rekstrarkostnaður | 8 | ( 2.113) | ( 2.124) | ( 6.692) | ( 7.093) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 1.463 | 1.679 | 3.928 | 3.449 |
| Fjármunatekjur | | 74 | 109 | 343 | 533 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 393) | ( 398) | ( 1.135) | ( 1.300) |
| Gengismunur | | 4 | 20 | 12 | 39 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 9 | ( 315) | ( 269) | ( 780) | ( 728) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 1.148 | 1.410 | 3.148 | 2.721 |
| Reiknaðir skattar | | ( 243) | ( 282) | ( 679) | ( 567) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 905 | 1.128 | 2.469 | 2.154 |
| EBITDA | | 2.387 | 2.583 | 6.677 | 6.142 |
| **Skipting hagnaðar** | | | | | |
| Hluthafar móðurfélags | | 907 | 1.143 | 2.496 | 2.192 |
| Minnihluti | | ( 2) | ( 15) | ( 27) | ( 38) |
| Hagnaður tímabilsins | | 905 | 1.128 | 2.469 | 2.154 |
| **Hagnaður á hlut** | | | | | |
| Grunnhagnaður á hlut | | 0,10 | 0,12 | 0,27 | 0,23 |
| Þynntur hagnaður á hlut | | 0,10 | 0,12 | 0,26 | 0,22 |

# Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. september 2017

| | Skýr. | 2017<br>1.7.-30.9. | 2016<br>1.7.-30.9. | 2017<br>1.1.-30.9. | 2016<br>1.1.-30.9. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hagnaður tímabilsins** | | 905 | 1.128 | 2.469 | 2.154 |
| **Rekstrarliðir sem kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikningi** | | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga | | ( 15) | ( 35) | ( 14) | ( 51) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 890 | 1.093 | 2.455 | 2.103 |
| **Heildarhagnaður tímabilsins skiptist þannig** | | | | | |
| Hluthafar móðurfélags | | 892 | 1.108 | 2.482 | 2.141 |
| Minnihluti | | ( 2) | ( 15) | ( 27) | ( 38) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | 890 | 1.093 | 2.455 | 2.103 |

# Efnahagsreikningur 30. september 2017

| | Skýr. | 30.9.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 17.013 | 16.118 |
| Viðskiptavild | | 31.586 | 31.407 |
| Óefnislegar eignir | | 3.366 | 3.181 |
| Aðrar eignir | 10 | 1.116 | 1.349 |
| Fastafjármunir | | 53.081 | 52.055 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 11 | 2.111 | 1.829 |
| Viðskiptakröfur | 12 | 4.385 | 5.619 |
| Aðrar skammtímakröfur | 13 | 877 | 809 |
| Handbært fé | | 333 | 3.667 |
| Veltufjármunir | | 7.706 | 11.924 |
| **Eignir alls** | | 60.787 | 63.979 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 9.313 | 9.444 |
| Yfirverðsreikningur | | 16.594 | 17.105 |
| Annað eigið fé | | 195 | 216 |
| Annað bundið eigið fé | | 1.085 | 467 |
| Óráðstafað eigið fé | | 8.887 | 7.235 |
| Eigið fé hluthafa móðurfélags | | 36.074 | 34.467 |
| Hlutdeild minnihluta | | ( 86) | ( 207) |
| Eigið fé samtals | | 35.988 | 34.260 |
| **Skuldir** | | | |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Skuldabréfalán | 14 | 17.069 | 21.568 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 15 | 750 | 442 |
| Langtímaskuldir | | 17.819 | 22.010 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 2.746 | 3.584 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 14 | 1.150 | 1.376 |
| Skattar til greiðslu | | 964 | 615 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 16 | 2.120 | 2.134 |
| Skammtímaskuldir | | 6.980 | 7.709 |
| Skuldir samtals | | 24.799 | 29.719 |
| **Eigið fé og skuldir alls** | | 60.787 | 63.979 |

# Eiginfjáryfirlit 30. september 2017

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Annað eigið fé | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé hluthafa móðurfélags | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2016 | 9.650 | 17.556 | 309 | 541 | 4.836 | 32.892 | ( 91) | 32.801 |
| Hagnaður (tap) tímabilsins | | | | | 2.192 | 2.192 | ( 38) | 2.154 |
| Þýðingarmunur | | | | ( 51) | | ( 51) | | ( 51) |
| Heildarafkoma tímabilsins | | | | ( 51) | 2.192 | 2.141 | ( 38) | 2.103 |
| Greiddur arður (0,0596 á hlut) | | | | | ( 576) | ( 576) | ( 1) | ( 577) |
| Keypt eigin bréf | ( 243) | ( 507) | | | | ( 750) | | ( 750) |
| Breyting á minnihlutaeign | | | | | | 0 | ( 42) | ( 42) |
| Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga | | | 36 | | | 36 | | 36 |
| Innleystir og niðurfelldir kaupréttarsamningar | 37 | 56 | | | | 93 | | 93 |
| Eigið fé 30.9.2016 | 9.444 | 17.105 | 345 | 490 | 6.452 | 33.836 | ( 172) | 33.664 |
| | | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2017 | 9.444 | 17.105 | 216 | 467 | 7.235 | 34.467 | ( 207) | 34.260 |
| Hagnaður (tap) tímabilsins | | | | 641 | 1.855 | 2.496 | ( 27) | 2.469 |
| Þýðingarmunur | | | | ( 10) | | ( 10) | ( 4) | ( 14) |
| Heildarafkoma tímabilsins | | | | 631 | 1.855 | 2.486 | ( 31) | 2.455 |
| Greiddur arður (0,029171 á hlut) | | | | | ( 275) | ( 275) | | ( 275) |
| Keypt eigin bréf | ( 209) | ( 640) | | | | ( 849) | | ( 849) |
| Seld eigin bréf | 9 | 19 | | | | 28 | | 28 |
| Aðrar breytingar | | | | ( 13) | 13 | 0 | | 0 |
| Breyting á minnihlutaeign | | | | | | 0 | 152 | 152 |
| Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga | | | 38 | | | 38 | | 38 |
| Innleystir og niðurfelldir kaupréttarsamningar | 69 | 110 | ( 59) | | 59 | 179 | | 179 |
| Eigið fé 30.9.2017 | 9.313 | 16.594 | 195 | 1.085 | 8.887 | 36.074 | ( 86) | 35.988 |

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. september 2017

| | Skýr. | 2017 1.7.-30.9. | 2016 1.7.-30.9. | 2017 1.1.-30.9. | 2016 1.1.-30.9. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi | | 1.463 | 1.679 | 3.928 | 3.449 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Afskriftir og virðisrýrnun | | 924 | 904 | 2.749 | 2.693 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | | 2 | ( 2) | ( 2) | ( 21) |
| Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi | | 13 | ( 72) | 38 | 35 |
| | | 2.402 | 2.509 | 6.713 | 6.156 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Birgðir, (hækkun) | | ( 209) | ( 206) | ( 315) | ( 26) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 632 | 866 | 1.340 | ( 603) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímakuldir, (lækkun) hækkun | | ( 207) | ( 488) | ( 707) | 125 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 216 | 172 | 318 | ( 504) |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 2.618 | 2.681 | 7.031 | 5.652 |
| Innborgaðir vextir | | 101 | 105 | 348 | 343 |
| Greiddir vextir | | ( 535) | ( 516) | ( 1.219) | ( 1.329) |
| Greiddir skattar | | ( 6) | ( 2) | ( 22) | ( 10) |
| Handbært fé frá rekstri | | 2.178 | 2.268 | 6.138 | 4.656 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | ( 1.276) | ( 797) | ( 3.566) | ( 2.499) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | ( 85) | ( 89) | ( 408) | ( 351) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 6 | 5 | 155 | 43 |
| Skuldabréfaeign, breyting | | 43 | 17 | 64 | ( 36) |
| Kaup á eignarhlutum í dótturfélögum, að frádregnu handbæru fé | | 0 | 0 | 0 | ( 50) |
| Sala á eignarhlutum í dótturfélögum, að frádregnu handbæru fé | | 0 | 0 | 0 | 234 |
| Aðrar fjárfestingar | | 29 | ( 33) | 29 | ( 175) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 1.283) | ( 897) | ( 3.726) | ( 2.834) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Greiddur arður | | 0 | 0 | ( 275) | ( 577) |
| Kaup eigin bréfa | | ( 528) | 0 | ( 849) | ( 750) |
| Sala eigin bréfa | | 179 | 93 | 179 | 93 |
| Tekin ný langtímalán | | 18.400 | 0 | 18.400 | 0 |
| Afborganir langtímalána | | ( 22.510) | ( 458) | ( 23.198) | ( 1.142) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 4.459) | ( 365) | ( 5.743) | ( 2.376) |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | ( 3.564) | 1.006 | ( 3.331) | ( 554) |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | | 1 | ( 8) | ( 3) | ( 22) |
| **Handbært fé í byrjun tímabilsins** | | 3.896 | 2.497 | 3.667 | 4.071 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 333 | 3.495 | 333 | 3.495 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til september 2017 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem "félagsins" og til einstakra félaga sem "dótturfélaga". Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskiptaþjónustu, afþreyingar, gagnaflutnings og upplýsingatækni.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### 2.1. Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símans hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2016. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.siminn.is og á vef Kauphallar Íslands: www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundi þann 25. október 2017.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2016.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram. Hann er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Hafin er vinna við innleiðingu IFRS 15, sem tekur gildi 1. janúar 2018. Stjórnendur telja að innleiðing staðalsins muni ekki hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Gangvirði:

Það er mat stjórnenda að ekki sé verulegur munur á bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda og gangvirði þeirra í reikningsskilunum.

## 5. Starfsþáttayfirlit

Yfirlit um starfsþætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist í sjö starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru :

| **Starfsþáttur:** | **Lýsing:** |
|---|---|
| Farsímaþjónusta: ......................... | Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem heldur er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta, farsímaþjónusta í heildsölu eða önnur farsímaþjónusta. |
| Talsímaþjónusta: .......................... | Talsímaþjónusta í heildsölu og smásölu. |
| Gagnaflutningur: .......................... | Gagnaflutningsþjónusta í heildsölu og smásölu, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, stofnnet, heimtaugar og aðgangsnet. |
| Sjónvarpsþjónusta: ...................... | Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins. |
| Upplýsingatækni: ......................... | Upplýsingatækniþjónusta, þ.m.t. afnotagjöld, útseld þjónusta og vörusala. |
| Vörusala búnaðar: ........................ | Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum. |
| Annað: ......................................... | Útseld vinna vegna fjarskipta (þ.m.t. vettvangsþjónusta) og aðstöðuleiga. |

## 5. Starfsþáttayfirlit, frh.:

**Starfsþættir 1.1.-30.9. 2017**

| | Farsími | Talsími | Gagna-flutningur | Sjónvarps-þjónusta | Upplýsinga-tækni | Vörusala | Annað | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur ....... | 5.026 | 1.564 | 6.373 | 3.030 | 2.964 | 1.244 | 732 | 20.933 |

| | |
|---|---|
| Óskipt rekstrargjöld ........ | ( 14.256) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta ........ | 6.677 |
| Afskriftir og virðisrýrnun ........ | ( 2.749) |
| Hrein fjármagnsgjöld ........ | ( 780) |
| Skattar ........ | ( 679) |
| **Hagnaður tímabilsins** ........ | 2.469 |
| **Fjárfestingar** ........ | ( 3.819) |
| **Óskiptar eignir 30.9.2017** ........ | 60.787 |
| **Óskiptar skuldir 30.9.2017** ........ | 24.799 |

**Starfsþættir 1.1.-30.9. 2016**

| | Farsími | Talsími | Gagna-flutningur | Sjónvarps-þjónusta | Upplýsinga-tækni | Vörusala | Annað | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur ....... | 5.454 | 1.691 | 6.467 | 3.065 | 2.944 | 1.316 | 690 | 21.627 |

| | |
|---|---|
| Óskipt rekstrargjöld ........ | ( 15.485) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta ........ | 6.142 |
| Afskriftir og virðisrýrnun ........ | ( 2.693) |
| Hrein fjármagnsgjöld ........ | ( 728) |
| Skattar ........ | ( 567) |
| **Hagnaður tímabilsins** ........ | 2.154 |
| **Fjárfestingar** ........ | ( 2.807) |
| **Óskiptar eignir 30.9.2016** ........ | 62.434 |
| **Óskiptar skuldir 30.9.2016** ........ | 28.770 |

## 6. Sala

| Seld þjónusta og vörur greinast þannig: | **2017 1.1.-30.9.** | **2016 1.1.-30.9.** |
|---|---|---|
| Sala á þjónustu ........ | 17.789 | 18.542 |
| Vörusala ........ | 2.814 | 2.722 |
| | 20.603 | 21.264 |

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

## 7. Kostnaðarverð sölu

Kostnaðarverð sölu greinist þannig:

| | 2017<br>1.1.-30.9. | 2016<br>1.1.-30.9. |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 2.653 | 2.964 |
| Kostnaðarverð seldrar þjónustu | 2.857 | 3.213 |
| Samtengigjöld | 699 | 766 |
| Kostnaðarverð seldra vara | 2.498 | 2.499 |
| Eignfærð vinna | ( 600) | ( 476) |
| Afskriftir | 2.206 | 2.119 |
| | 10.313 | 11.085 |

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af; efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

## 8. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 3.178 | 3.547 |
| Markaðs- og sölukostnaður | 450 | 525 |
| Húsnæðis- og bifreiðakostnaður | 1.060 | 1.102 |
| Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður | 639 | 367 |
| Afskrifaðar tapaðar kröfur og framlag í niðurfærslu viðskiptakrafna | 36 | 98 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 786 | 881 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 543 | 573 |
| | 6.692 | 7.093 |

## 9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| **Fjármunatekjur** | | |
| Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum | 318 | 343 |
| Fenginn arður og söluhagnaður af eignarhlutum | 25 | 190 |
| | 343 | 533 |
| **Fjármagnsgjöld** | | |
| Vaxtagjöld | ( 999) | ( 1.165) |
| Verðbætur | ( 72) | ( 117) |
| Önnur fjármagnsgjöld | ( 64) | ( 18) |
| | ( 1.135) | ( 1.300) |
| | | |
| Gengismunur | 12 | 39 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 780) | ( 728) |

## 10. Aðrar eignir

Aðrar eignir greinast þannig:

| | 30.9.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Fjárfesting í hlutdeildarfélögum | 10 | 10 |
| Fjárfesting í öðrum félögum | 221 | 226 |
| Sjónvarpsefni til sýningar | 384 | 348 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 283 | 424 |
| Langtímakröfur | 218 | 341 |
| Aðrar fjármunaeignir samtals | 1.116 | 1.349 |

## 11. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir | 1.243 | 1.170 |
| Verk í vinnslu | 16 | 29 |
| Sjónvarpsefni til sýningar | 852 | 630 |
| Birgðir samtals | 2.111 | 1.829 |

## 12. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 4.837 | 6.083 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | ( 452) | ( 464) |
| Viðskiptakröfur samtals | 4.385 | 5.619 |

## 13. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 603 | 562 |
| Aðrar skammtímakröfur | 274 | 247 |
| Aðrar skammtímakröfur samtals | 877 | 809 |

## 14. Langtímaskuldir

Lán félagsins greinast á eftirfarandi hátt:

| | 30.9.2017 | | 31.12.2016 | |
|---|---|---|---|---|
| | Meðalvextir | Eftirstöðvar | Meðalvextir | Eftirstöðvar |
| Skuldir í ISK, óverðtryggðar | 5,58% | 18.209 | 7,03% | 15.833 |
| Skuldir í ISK, verðtryggðar | - | 0 | 4,00% | 7.101 |
| Kaupleiga, langtímaskuldbinding | | 10 | | 10 |
| Næsta árs afborganir | | ( 1.150) | | ( 1.376) |
| | | 17.069 | | 21.568 |

Afborganir langtímaskulda greinast þannig:

| | 30.9.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Innan 12 mánaða | 1.150 | 1.376 |
| Frá 12 -24 mánuðum | 1.150 | 1.376 |
| Frá 24 - 36 mánuðum | 1.150 | 14.359 |
| Frá 36 - 48 mánuðum | 1.150 | 426 |
| Frá 48 - 60 mánuðum | 1.150 | 426 |
| Afborganir síðar | 12.469 | 4.981 |
| Heildarlán að meðtöldum næsta árs afborgunum | 18.219 | 22.944 |

## 15. Tekjuskattsskuldbinding

Hreyfingar á reiknaðri tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt:

| | | |
|---|---|---|
| Reiknuð tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | 442 | 263 |
| Vegna sölu á félagi | 0 | ( 8) |
| Tekjuskattur tímabilsins | 662 | 750 |
| Skattar til greiðslu á næsta ári | ( 354) | ( 592) |
| Fært niður vegna óvissu um nýtingu | 0 | 29 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 750 | 442 |

## 16. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Áfallinn kostnaður | 782 | 1.011 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 349 | 355 |
| Ógreiddur virðisaukaskattur | 797 | 576 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 192 | 192 |
| Samtals aðrar skammtímaskuldir | 2.120 | 2.134 |

## 17. Óvissa

Félagið stendur í málarekstri vegna mála sem snúa að túlkunum á fjarskipta, fjölmiðla- og samkeppnislögum. Fjarskipti hf. (Vodafone) hafa stefnt félaginu til greiðslu skaðabóta vegna meints ólögmæts verðþrýstings. Nemur stefnufjárhæð í málinu ríflega níu hundruð milljónum króna. Inter, sem eru samtök aðila er veita internetþjónustu, hafa sent kröfu og krafist skaðabóta að fjárhæð allt að þremur milljörðum króna vegna meintra brota á samkeppnislögum. Félög innan samtakanna hafa í kjölfarið óskað eftir dómkvaðningu matsmanna en niðurstaða matsmanna liggur ekki enn fyrir. Einnig hafa félögin höfðað viðurkenningarmál gegn Símanum þar sem krafist er viðurkenningar á skaðabótaskyldu. TSC ehf. hefur þá stefnt félaginu til greiðslu skaðabóta vegna meintra brota á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2015. Nemur stefnufjárhæðin rúmlega hundrað milljónum króna. Félagið hefur hafnað málatilbúnaði gagnaðila í öllum málunum og gagnstefnt Fjarskiptum hf.

Síminn og Fjarskipti hf. ( Vodafone) hafa átt í ágreiningi í tengslum við dreifingu á sjónvarpsefni. Samkeppniseftirlitið og Póst- og fjarskiptastofnun hafa til meðferðar kvartanir Vodafone gegn Símanum vegna meintra brota á samkeppnis- og/eða fjölmiðlalögum. Félagið telur að háttsemi þess sé í fullu samræmi við ákvæði samkeppnis- og fjölmiðlalaga. Í desember 2015 samþykkti Sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu kröfu félagsins um að lagt yrði lögbann á Vodafone vegna dreifingar á myndefni með ólínulegum hætti. Félagið höfðaði í kjölfarið staðfestingarmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Héraðsdómur samþykkti kröfu Símans þann 28. apríl síðastliðinn. Vodafone hefur áfrýjað málinu til Hæstaréttar.

Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöður þessara mála er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárútláta vegna þeirra. Í þeim tilvikum sem talið er að félagið geti þurft að greiða bætur vegna málareksturs á hendur þess er sá kostnaður áætlaður af stjórnendum félagsins og færður í reikningsskil þess.

## 18. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringar eða breytingar á árshlutareikningi.

# Ársfjórðungsyfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

| | 1 F 2017 | 2 F 2017 | 3 F 2017 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Sala | 6.602 | 7.145 | 6.856 | 20.603 |
| Kostnaðarverð sölu | ( 3.246) | ( 3.687) | ( 3.380) | ( 10.313) |
| **Framlegð** | 3.356 | 3.458 | 3.476 | 10.290 |
| Aðrar rekstrartekjur | 121 | 109 | 100 | 330 |
| Rekstrarkostnaður | ( 2.290) | ( 2.289) | ( 2.113) | ( 6.692) |
| **Rekstrarhagnaður** | 1.187 | 1.278 | 1.463 | 3.928 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 207) | ( 258) | ( 315) | ( 780) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 980 | 1.020 | 1.148 | 3.148 |
| Tekjuskattur | ( 206) | ( 230) | ( 243) | ( 679) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 774 | 790 | 905 | 2.469 |
| EBITDA | 2.099 | 2.191 | 2.387 | 6.677 |

| | 1 F 2016 | 2 F 2016 | 3 F 2016 | 4 F 2016 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 6.784 | 7.351 | 7.129 | 7.773 | 29.037 |
| Kostnaðarverð sölu | ( 3.665) | ( 3.953) | ( 3.467) | ( 4.302) | ( 15.387) |
| **Framlegð** | 3.119 | 3.398 | 3.662 | 3.471 | 13.650 |
| Aðrar rekstrartekjur | 98 | 124 | 141 | 172 | 535 |
| Rekstrarkostnaður | ( 2.479) | ( 2.490) | ( 2.124) | ( 2.466) | ( 9.559) |
| **Rekstrarhagnaður** | 738 | 1.032 | 1.679 | 1.177 | 4.626 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 296) | ( 163) | ( 269) | ( 370) | ( 1.098) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 0 | 0 | ( 1) | ( 1) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 442 | 869 | 1.410 | 806 | 3.527 |
| Tekjuskattur | ( 132) | ( 153) | ( 282) | ( 205) | ( 772) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 310 | 716 | 1.128 | 601 | 2.755 |
| EBITDA | 1.605 | 1.954 | 2.583 | 2.103 | 8.245 |